

Jafnréttisáætlun Brúarskóla

Inngangur

Skólum ber, samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun sem tekur bæði til starfsfólks og nemenda skólans.

Jafnréttisáætlun Brúarskóla byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011.

Markmið með jafnréttisáætlun er að jafna kjör kynjanna með tilliti til launa og annarra kjara, þátttöku í stjórnun og tækifæra til menntunar. Kynbundin mismunur og kynbundið ofbeldi eða áreiti er ekki liðið. Allar ákvarðanir sem varða nemendur og starfsfólk skulu metnar út frá jafnréttissjónarmiði.

Í Brúarskóla er hverjum og einum einstaklingi tryggð viðfangsefni og menntun við hæfi og nemendur og starfsfólk metið að verðleikum.

Í Brúarskóla nýtir hver einstaklingur hæfileika sína og krafta sem best, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, kynferði, kynhneigð, litarhætti, þjóðerni, trú, búsetu eða efnahag.

Í Brúarskóla er lögð áhersla á jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Einkunnarorð skólans eru **virðing, jákvæðni og ábyrgð** og áhersla er lögð á að þau séu höfð að leiðarljósi í samskiptum og í starfinu öllu.

Nemendur

Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að „markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.“

Í Brúarskóla er áhersla lögð á að vinna út frá forsendum hvers og eins svo hver einstaklingur fái tækifæri til þess að þroska hæfileika sína. Í Brúarskóla eru drengir í miklum meirihluta og því mikilvægt að gæta þess að huga vel að því að ekki halli á nemendur af öðrum kynjum sem stunda nám við skólann. Nemendur hafa jöfn tækifæri til náms í ólíkum greinum óháð kyni.

Jafnréttissjónarmið eru samofin öllu skólastarfinu og starfsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi þess að fræða og leiðbeina nemendum um jafnan rétt allra einstaklinga.

Starfsfólk

Í öllum starfsháttum Brúarskóla skal þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Áhersla er lögð á að halda hlutfalli kynjanna sem jöfnustu í starfsmannahópnum.

Í Brúarskóla eru skoðanir alls starfsfólks jafn réttháar, óháð kyni eða stöðu. Starfsfólk í sambærilegum störfum hefur jafnan aðgang að endurmenntun og fær viðeigandi starfsþjálfun. Starfsmenn hafa jöfn færi til stöðuhækkana, breytinga í starfi eða á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti ríkir í skólanum.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er aldrei liðin í Brúarskóla.

Aðgerðaáætlun

Jafnréttisáætlun er endurskoðuð árlega og aðgerðaáætlun gerð. Í aðgerðaáætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun skuli framfylgt og henni viðhaldið, hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær framkvæma skal hvern þátt fyrir sig. Í maí ár hvert er gerð jafnréttisskýrsla þar sem fram kemur mat á þróun jafnréttismála og sett er fram endurskoðuð jafnréttisáætlun. Ábyrgð á framkvæmd er í höndum skólastjórnenda.

Telji starfsmaður eða nemandi að reglur um jafnrétti séu brotnar innan skólans skal hann leita til skólastjórnenda eða trúnaðarmanna.

Aðgerðaráætlun gildir frá hausti 2024 til vors 2025

13. grein - Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu	Komið verður til móts við óskir starfsmanna um sveigjanleika eftir því sem aðstæður leyfa, óháð kyni.	Stjórnendur	Þegar við á

14. grein - Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og/eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum	Starfsfólk fái fræðslu utanaðkomandi aðila þar sem gerð er grein fyrir hvað kynbundin eða kynferðisleg áreitni á vinnustað felur í sér.	Stjórnendur	Annað hvert ár (var síðast í febrúar 2023)
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni og/eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Kynningarefni aðgengilegt starfsfólki á vinnustað, s.s. á kaffistofu, samfélagsmiðlum starfsmannahópsins	Stjórnendur	Alltaf
	Fylgjast með samskiptum nemenda og stöðva óviðeigandi tal.	Allt starfsfólk skólans	Alltaf
	Fræða og leiðbeina nemendum varðandi mörk í samskiptum og umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytni í menningu og kynhneigð.	Allt starfsfólk skólans	Alltaf þegar færi gefst og í skipulögðum kennslustundum
	Gæta þess að nemendur séu aldrei einir/eftirlitslausir.	Allt starfsfólk skólans	Alltaf

15. grein - Menntun og skólastarf

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál.	Nemendur fá sérstaka fræðslu um jafnréttismál á hverjum vetri. Ýmist frá kennurum eða utanaðkomandi aðilum.	Stjórnendur og kennarar	Árlega
Að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Að starfsfólk gæti þess að vinna eftir aðalnámskrá grunnskóla varðandi jafnréttismál. Markvisst unnið með fordóma og staðalímyndir í skólastarfinu	Stjórnendur og kennarar Allir starfsmenn	Alltaf Alltaf
Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.	Það námsefni sem notað er hverju sinni er skoðað með tilliti til jafnréttissjónarmiða.	Kennarar	Alltaf
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fá allir nemendur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.	Kynningar á framhaldsskólum og öðrum möguleikum í framhaldi af grunnskóla taka mið af þörfum og óskum hvers nemanda, óháð kyni.	Námsráðgjafi, kennarar á unglíngastigi	Árlega

18. grein – Bann við mismunun í kjörum

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að einstaklingar fá sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf, óháð kyni	Grunnlaun og greiðslur vegna yfirvinnu skoðuð út frá kyni og starfsheiti. Ef í ljós kemur óútskýrður munur verður hann leiðréttur.	Stjórnendur	Í upphafi skólaárs

19. grein – Bann við mismunum í starfi og við ráðningu

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi öllum kynjum til boða	Öll störf auglýst til umsóknar. Hæfni- og menntunarkröfur skýrar í auglýsingu. Í auglýsingum er vísað í stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum.	Stjórnendur	Þegar störf eru auglýst.
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum	Leitast við að halda hlutfalli kynja meðal starfsmanna jöfnu	Stjórnendur	Þegar nýtt starfsfólk er ráðið.
Einstaklingar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun óháð kyni	Greina hvort starfsfólk af öllum kynjum sækir endurmenntun til jafns. Ef hallar á eitthvert kyn verði það hvatt til að nýta sér tækifæri til endurmenntunar. Allt starfsfólk fái viðeigandi starfsþjálfun, óháð kyni.	Stjórnendur Stjórnendur	Lokið fyrir mállök ár hvert Þegar við á

Samstarf heimilis og skóla:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að foreldrar taki jafnan þátt í skólalastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.	Gæta þess að báðir foreldrar fái upplýsingar frá skólanum þegar við á. Báðir foreldrar eru boðaðir á fundi og í viðtöl vegna nemenda eins og við á.	Stjórnendur og kennarar Stjórnendur og kennarar	Alltaf Þegar við á